

## SAMÞYKKT

### um umgengni og þrífnað utan húss í Mosfellsbæ.

#### 1. gr.

Eiganda eða umráðamanni húss eða mannvirkis er skylt að halda eigninni vel við, hreinni og snyrtilegri svo og tilheyrandi lóð og girðingum.

#### 2. gr.

Bannað er að skilja eftir, flytja eða geyma lausamuni á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti svo sem kerrur, bílhluata, bílflök, skipsskrokka o.s.frv.

#### 3. gr.

Óheimilt er að geyma hvers kyns drasl, bílhrae og þess háttar á lóðum þannig að það snúi að almannaferi. Lóðir sem notaðar eru til geymslu á slíku, skal skerma af með skjólveggjum, sem samþykktir eru af byggingafulltrúa.

#### 4. gr.

Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki sem geymd eru á lóðum íbúðarhúsa skulu geymd á þar til gerðum stæðum sem samþykkt hafa verið af byggingaryfirvöldum.

#### 5. gr.

Óheimilt er að geyma báta, kerrur, skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, tæki, vinnuvélar eða aðra hluti á bifreiðastæðum sveitarfélagsins, við götur eða á almannaferi. Heimilt er að fjarlægja slíka hluti á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni viðvörun t.d. með álímingarmiða.

#### 6. gr.

Telji heilbrigðisfulltrúi svo alvarlega hættu stafa af geymslu hlutar eða tækis á svæðum sbr. 5. gr. að aðgerð þoli enga bið er heimilt að fjarlægja slíka hluti eða tæki án viðvörunar.

#### 7. gr.

Þeir sem annast flutninga á almannaferi skulu haga þeim þannig að ekki valdi óþrífnaði.

#### 8. gr.

Eigi má haga hreinsun fasteigna þannig að leitt geti til óþrífnaðar umhverfis.

#### 9. gr.

Um eftirlit samkvæmt samþykkt þessari fer samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

#### 10. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari, valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög skal farið samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

11. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, sem samþykkt var eftir aðra umræðu á 319. fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 31. janúar 2001, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 11. apríl 2001.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.